

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um forgangsrétt til tilkynninga um skráningu á vörumerkjum, nr. 436/1990.

1. gr.

Á eftir orðunum „frá 20. mars 1983,“ í 1. mgr. 1. gr. kemur: eða samningnum um Alþjóðaviðskiptastofnunina (WTO).

2. gr.

Á eftir orðunum „frá 20. mars 1983,“ í 1. m. 1. mgr. 2. gr. kemur: eða samningnum um Alþjóðaviðskiptastofnunina (WTO).

3. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 46. gr., sbr. 18. og 30. gr. laga um vörumerki, nr. 47 2. maí 1968, með síðari breytingum og öðlast gildi 1. júní 1996.

Iðnaðarráðuneytinu, 31. maí 1996.

Halldór Ásgrímsson.

Steinunn Bjarman.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um gjöld fyrir einkaleyfi, vörumerki, hönnun o.fl., nr. 632/1995 og um breytingu á auglýsingu um gjöld vegna alþjóðlegra einkaleyfisumsókna, nr. 639/1995.

I. KAFLI

Breytingar á reglugerð um gjöld fyrir einkaleyfi, vörumerki, hönnun o.fl., nr. 632/1995.

1. gr.

Orðin „eða afrit“ í 5. tl. 1. mgr. 1. gr. falla niður.

2. gr.

Í stað orðanna „eða 1. mgr. 20. gr. ell.“ í 6. tl. 1. mgr. 1. gr. kemur: eða 3. mgr. 19. gr. ell.

3. gr.

7. tl. 1. mgr. 1. gr. orðast svo:

7) Útgáfugjald skv. 1. mgr. 19. gr. ell.:

- | | |
|---|-------|
| a) grunnjald fyrir fyrstu 40 blaðsíður lýsingar með tilheyrandi einkaleyfiskröfum, teikningum og ágripi | 6.000 |
| b) viðbótargjald fyrir hverja blaðsíðu sem byrjar umfram 40 | 550 |
| c) viðbótargjald fyrir hverja einkaleyfiskröfu sem bætt er við þær sem greitt var fyrir við innlagningu umsókna | 1.300 |

4. gr.

4. mgr. 1. gr. orðast svo:

Þegar umsækjanda er tilkynnt um að unnt sé að veita einkaleyfi sbr. 1. mgr. 19. gr. ell. skal jafnframt geta um upphæð útgáfugjalds. Fjöldi síðna skv. 7. tl. 1. mgr. miðast við þá lýsingu ásamt einkaleyfiskröfum og teikningum sem fyrir liggja þegar tilkynningin er send.

5. gr.

Við 1. gr. bætast tvær nýjar mgr., sem verða 5. og 6. mgr.

a) 5. mgr. orðast svo:

Fyrir umsóknir sem voru samþykktar til framlagningar og umsækjanda tilkynnt þar um fyrir 1. júní 1996, skal í stað útgáfugjalds greiða framlagningargjald skv. 1. mgr. 20. gr. ell. fyrir breytingu þeirra skv. lögum nr. 36/1996:

- | | |
|--|-------|
| a) grunnjald fyrir fyrstu 40 blaðsíður lýsingar með tilheyrandi einkaleyfiskröfum, teikningum og ágripi | 6.000 |
| b) viðbótargjald fyrir hverja blaðsíðu sem byrjar umfram 40 | 550 |
| c) viðbótargjald fyrir hverja einkaleyfiskröfu sem bætt er við þær sem greitt var fyrir við innlagningu umsóknar | 1.300 |

b) 6. mgr. orðast svo:

Þar, sem kveðið er á um útgáfugjald í 4. mgr., er átt við framlagningargjald að því er varðar þær umsóknir, sem höfðu verið samþykktar til framlagningar og umsækjanda tilkynnt þar um, fyrir 1. júní 1996.

6. gr.

Í stað orðanna „43. gr. rg. ell.“ í 1. tl. 1. mgr. 4. gr. kemur: 48. gr. rg. ell.

7. gr.

Á eftir orðunum „Gjöld skv. 1. mgr.“ í 2. mgr. 17. gr. kemur: og 5. mgr.

II. KAFLI

**Breytingar á auglýsingu um gjöld
vegna alþjóðlegra einkaleyfisumsókna, nr. 639/1995.**

8. gr.

Í stað „46. gr.“ í 1., 3., 6. og 7. tl. 1. mgr. og í 5. mgr. 1. gr. kemur: 51. gr.

9. gr.

1. mgr. 2. gr. orðast svo:

Fyrir rannsókn á alþjóðlegri umsókn og rannsókn skv. 9. gr. einkaleyfalaga nr. 17/1991 (ell.), með síðari breytingum greiðast eftirtalin gjöld:

- | | |
|--|--------|
| 1) Nýnæmisrannsókn á alþjóðlegri einkaleyfisumsókn hjá sænsku einkaleyfastofnuninni (PRV), skv. 3. tl. 2. mgr. 51. gr. rg. ell., sbr. b-lið 1. mgr. 16. reglu PCT: | |
| a) Ef skýrsla vegna nýnæmisrannsóknar hefur verið gerð og látin í té af sænsku einkaleyfastofnuninni vegna eldri umsóknar sem forgangsréttarkrafa er byggð á | 64.000 |
| b) Ef skýrsla vegna nýnæmisrannsóknar hefur verið gerð og látin í té af dönsku, finnsku, norsku eða íslensku einkaleyfastofnuninni vegna eldri umsóknar sem forgangsréttarkrafa er byggð á (afrit af skýrslunni verður að afhenda PRV) | 64.000 |

c) í öllum öðrum tilvikum	70.000
2) Viðbótargjald vegna rannsóknar skv. 1. tl., ef umsókn tekur til fleiri en einnar uppfinningar sem eru óháðar hver annarri	70.000
3) Nýnæmisrannsókn á alþjóðlegri einkaleyfisumsókn hjá evrópsku einkaleyfastofnuninni (EPO), skv. 3. tl. 2. mgr. 51. gr. rg. ell., sbr. b-lið 1. mgr. 16. reglu PCT	108.100
4) Gjöld fyrir alþjóðlega nýnæmisrannsókn („International Type Search“) á íslenskrri einkaleyfisumsókn, skv. 9. gr. ell., sbr. 5. gr. rg. ell.:	
a) Grunnjald hjá sænsku einkaleyfastofnuninni	64.000
b) Viðbótargjald hjá sænsku einkaleyfastofnuninni fyrir hverja einkaleyfiskröfu umfram 10	1.300
c) Grunnjald hjá evrópsku einkaleyfastofnuninni (EPO)	108.100

10. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í lögum nr. 17/1991 með síðari breytingum og öðlast gildi 1. júní 1996.

Iðnaðarráðuneytinu, 31. maí 1996.

Halldór Ásgrímsson.

Steinunn Bjarman.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 254/1993, um vörugjald af ökutækjum, sbr. reglugerð nr. 169/1995, um breyting á henni.

1. gr.

3. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Á fólksbifreiðar og önnur vélknúin ökutæki, sem ekki eru sérstaklega tilgreind í 4. gr., skal lagt vörugjald í eftirfarandi þremur gjaldflokkum miðað við sprengirými aflvélar, mælt í rúmsentimetrum:

Flokkur	Sprengirými aflvélar		Gjald í %
	Bensínvélar	Dísilvélar	
I	0 - 1.600	0 - 2.100	30
II	1.601 - 2.500	2.101 - 3.000	40
III	Yfir 2.500	Yfir 3.000	65

2. gr.

Við 1. tölul. 22. gr. reglugerðarinnar bætist nýr stafliður, e-liður, er orðist svo:
e. Haffær ökutæki á hjólum fyrir láð og lög.

3. gr.

4. tölul. 23. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

4. Af leigubifreiðum til fólksflutninga skal vörugjald lækka um 3/4 hluta þess sem gjaldið er umfram 30%. Að teknu tilliti til eftirgjafar verður því gjald sem hér segir, sbr. 3. gr.: